

Jáeindaskann af heila og höfði

Rannsóknin veitir upplýsingar um sjúkdóm í heilavef. Geislavirkt efni er gefið í æð og tekin tölvusneiðmynd.

Rannsóknin tekur um tvær klukkustundir. Ekki er mælt með að aðstandandi biði á deildinni meðan rannsókn fer fram. Ef bilun í framleiðslu á geislavirku efni kemur upp með litlum fyrirvara getur þurft að færa rannsókn milli daga.

Rannsóknardagur

- Vera má í eigin fötum.
- Fjarlægja þarf heyrnartæki fyrir rannsókn ef það er til staðar.
- Mælt er með að koma með síma, tölvu eða bók þar sem nokkur bið er frá því geislavirkt efni er gefið og þar til myndað verður.



Best er að nota inngang Eiriksgötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á því að bílastæði eru gjaldskyld.

Rannsóknin

- Settur er æðaleggur í handlegg og í hann gefið geislavirkt efni.
- Bíða þarf í 90 mínútur.
- Myndataka tekur um 25 mínútur.

Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsókna berast innan viku til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Mikilvægt er að drekka vel eftir rannsóknina það sem eftir er dags því geislavirka efnið skilst úr líkamanum með þvagi.
- Þar sem geislavirkt efni er notað í rannsókninni þarf að forðast mikla snertingu við aðra í sex klukkustundir eftir rannsóknina, meðan efnið er að fara úr líkamanum. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.
- Efnið sem gefið er í æð hefur ekki slævandi áhrif og því má keyra eftir rannsókn.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Röntgendeild Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, isotop@landspitali.is